

Guðmundur Jóhannesson
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Nokkrar tölur úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar 2015

Eins og rakið var í síðasta Bændablaði voru afurðir efir hverja árskú á síðasta ári þær mestu sem mælst hafa hingað til eða 5.851 kg að meðaltali. Þetta er töluverð aukning, ekki hvað síst ef horft er til heygæða frá sumrinu 2014 sem voru með lakasta móti. Afurðaaukningin frá árinu áður nemur 2,3% og á 10 ára tímabili hafa meðalafurðir því aukist um 8,3%.

Hér er hins vegar ætlunin að líta til annarra niðurstaðna úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar en afurðatalna. Þátttaka bænda í skýrsluhaldi er mjög góð þó ávallt megi gera betur og söknum við allra þeirra sem utan þess standa. Á síðasta ári skiluðu 92% búanna skýrslum og eru þau bú með 95% allrar innleggsmjólkur á landinu. Eins og áður hefur komið fram var meðalbústærðin 44,0 árskúr og er það aukning um 2,8 árskúr frá fyrra ári. Meðalinnlegg þessara bú jókst umtalsvert milli ára eða um 20.502 lítra að meðaltali þannig að meðalinnlegg á skýrslubú í fyrra nam 233.991 lítra. Þessar tölur miðast við bú með innlegg allt árið.

Mjólkurnýting, þ.e. hlutfall skýrslufærðrar mjólkur sem skilar sér sem innlegg, var 95,8% á síðasta ári. Í heildina er áreiðnaleiki skýrsluhaldsins mjög mikill og mismunur á skýrslufærðri og innlagðri mjólk mjög lítil og innan ásættanlegra marka. Í örfáum tilvikum er þó raunin á annan veg og alveg að skekkja er utan þeirra marka sem hægt er að setta sig við. Í þeim tilvikum þurfa menn að taka sig á en þetta er nánast bundið við bú þar sem óregla er á skráningum og skýrsluskilum.

Þróun í efnainnihaldi var jákvæð frá árinu áður. Fituhlutfall innleggsmjólkur hækkaði milli ára, úr 4,04% í 4,11%, og próteinhlutfall hækkaði sömuleiðis, úr 3,31% í 3,32%. Í sambandi við efnahlutföll í mjólk er ástæða er til að nefna það hér að of mikið af kýrsýnum með of háu eða of lágu efnainnihaldi kemur inn til greiningar. Þetta á einkum við um fituhlutfall og mjög brýn að menn vandi mjög til sýnatöku auk þess að taka ekki sýni úr kúm sem eru mjög stutt frá burði eða nánast orðnar geldar.

Varðandi burðaraldur 1. kálfs kvígna þokuðust mál til betri vegar á síðasta ári og lækkaði burðaraldur milli ára úr 29,0 mánuðum í 28,6 mánuði til jafnaðar. Þrátt fyrir þetta er ljóst að alltof margar kvígur bera of gamlar héraðis og kostar þetta greinina gríðarmikla fjármuni í húsnæði, fódri og vannýttum framleiðslueiningum. Í lækkun aldurs við 1. burð er þó nokkra hagræðingu að sækja sem bætt getur hag kúabænda nokkuð en allir bændur ættu að stefna að því að láta kvígurnar bera 24-25 mánaða.

Á síðasta ári dróst ásetningur nautkálfa saman hlutfallslega en sé horft til fjölda ásettra nauta jókst ásetningur um 2%. Skýringin á þessu er sú að burðum fjölgaði umtalsvert milli ára sem mjög eðlilegt ef fjölgun kúa er höfð í huga. Nokkrar breytingar eru þó að verða í ásetningsmynstrinu og æ fleiri kúabú einbeita sér að framleiðslu mjólkur án kjötframleiðslu með eldi nauta.

Á síðasta ári var tekin upp sú nýjung í Huppu að hægt er að skrá tvær förgunarástæður á mjólkurkúr. Í 9,5% tilvika voru skráðar tvær förgunarástæður og er algengast að þar sé um ræða jógurbólgu með einhverri annarri ástæðu. Af einstökum förgunarástæðum er jógurbólga algengasti förgunarvaldurinn eða í 25% tilvika. Næst algengast er að kúnum sé fargað vegna ófrjósemi, þ.e. þær festa ekki fang og fara því yfir móðuna miklu af þeirri ástæði. Þetta á við í um 14% tilvika. Næst í röðinni koma litlar afurðir sem er tilgreind ástæða í 11% tilvika og síðan koma jógur- og/eða spenagallar í 9% tilvika. Aðrar ástæður eru sjaldnar tilgreindar.

Í síðasta Bændablaði var farið yfir afurðahæstu kúr ársins 2015. Naugripæræktarkerfið Huppa hefur nú verið í notkun í rúmlega 7 ár og þar er að finna afurðaupplýsingar fyrir einstaka gripi frá árinu 2006. Í kerfinu er því að finna allar afurðir mikils meirihluta núlifandi gripa og því ekki úr vegi að skoða aðeins hvaða gripir hafa mjólkað mest á dag í sinni ævi. Hér hefur verið valin sú leið að skoða æviafurðir á dag frá fæðingu til áramóta 2015/16. Eðlilega raðast elstu gripirnir efst á þennan lista því tímabilið frá fæðingu til 1. burðar vegur hlutfallslega minna eftir því sem gripurinn verður eldri. Ef til vill gæfu afurðir/dag frá 1. burði réttari mynd fyrir afkastagetu gripsins en þá kæmi lágur burðaraldur gripnum ekki til góða en það hlýtur að vera hagkvæmt að gripur skili afurðum sem fyrst.

Kúr	Faðir	Bú	F.ár	Burðir	Æviaf.	Á dag
1229 Urður	00010 Laski	Hvanneyri, Andakíl	2007	7	64.322	21,51
0387 Treyja	97032 Þverteinn	Hrepphólum, Hrunam.hr.	2005	7	76.203	20,51
0112 Braut	97010 Stígur	Tjörn, Skagabyggð	2005	8	74.994	19,79
0447 Braut	97010 Stígur	Búvöllum, Aðaldal	2005	8	73.603	19,68
0290 Pera	05028 Vindill	Hraunhálsi, Snæf.	2008	6	54.036	18,73
0416 Básúna	0339 Hjálmur	Kirkjulæk, Fljótshlíð	2006	7	68.399	18,72
0279 Tíund	02032 Sírius	Leirulækjarseli, Borgarb.	2005	7	73.037	18,60
0286 Rófa	98008 Meitill	Hraunhálsi, Snæf.	2008	6	54.297	18,45
1089 Laufa	96028 Fróði	Flatey, Hornafirði	2004	9	78.218	18,15
0324 Drottning	98027 Fontur	Geirshlíð, Flókadal	2006	6	60.808	18,13
0131 Króna	1349391-0198	Ásgarði, Reykholtisdal	2007	7	57860	18,11

Samkvæmt þessu hefur Urður 1229 á Hvanneyri, Laskadóttir 00010, skilað mestum afurðum á dag á sinni ævi eða 21,51 kg mjólkur, þ.e. frá fæðingu til 31. desember 2015.

Full ástæða er til að óska kúabændum til hamingju með góðan árangur á síðasta ári. Hver niðurstaða þessa árs verður er erfitt að spá fyrir um þó líklegt sé að afurðamet verði slegið þar sem greitt verður fyrir alla mjólk út þetta ár. Hins vegar er ljóst að krefjandi verkefni bíða nautgripæræktarinnar og kúabænda. Ákvæði reglugerðar um velferð nautgripa geta orðið mörgum hár og erfiður þröskuldur og kostnaður greinarinnar vegna þeirra ákvæða verður gríðarlegur. Niðurstöður samninga við ríkisvaldið eru þegar þetta er skrifað ekki ljósar en útlit fyrir umfangmestu umskipti á framleiðsluumhverfi kúabænda svo áratugum skiptir. Verði niðurstöðan á þá leið sem þegar hefur verið kynnt verður töluverð áskorun fyrir greinina að takast á við þær breytingar.